



Félag kennara í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræðum

Reykjavík 12. janúar 2011

Til nefndarsviðs Alþingis.

**Efni:** Vísað er til erindis menntamálanefndar Alþingis frá 17. desember 2010, þar sem óskað er eftir umsögn Félags kennara í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræðum um tillögu til þingsályktunar um heimspeki sem skyldufag í grunn- og framhaldsskólum. Þskj. 91- 86. mál.

Tillagan er svohljóðandi:

*"Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að breyta aðalnámskrám grunnskóla og framhaldsskóla þannig að heimspeki verði skyldufag. Kenndur verði að meðaltali einn áfangi á hverjum tveimur árum á grunnskólastigi og að meðaltali einn áfangi á hverju skólaári á framhaldsskólastigi".*

Stjórn félagsins telur brýna þörf á kennslu í heimspeki í grunn- og framhaldsskólum og erum sammála þeim rökum sem fram koma í greinargerð með þingsályktunartillögunni. Við viljum hins vegar benda á að forsenda þess að gera heimspeki að skyldufagi í grunn- og framhaldsskóla er að kennarar og kennaraefni hljóti viðeigandi menntun áður en námskrárbreyting á sér stað.

Þess má geta að reynslan hefur sýnt að kennarar hafa verið tregir til að taka að sér kennslu í greininni kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði vegna þess að þeir telja sig ekki hafa þann nauðsynlega grunn sem til þarf. Ástæðan liggur m.a. í grunnmenntun kennara. Háskóli Íslands býður kennaranemum sem hafa samfélagsgreinar sem kjörsvið upp á þrjú valnámskeið í greininni en aðrir grunnskólakennaranemar taka jafnan engin námskeið á þessu sviði þótt þeir lendi síðar í þeirri stöðu að kenna greinina. Við teljum að ef byrjað er á öfugum enda verði örlög greinarinnar, þ.e. heimspekinnar þau að verða hornreka svipað og gerst hefur með greinina kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði.

Auk þessa bendum við á að siðfræði er hluti af tveimur námsgreinum grunnskólans nú þegar, þ.e. kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræðum annars vegar og lífsleikni hins vegar. Spurningin er hvort ekki megi koma heimspekinni fyrir í aðalnámskránni í samhengi við þessar greinar, t.d. lífsleiknina og skerpa jafnframt áhersluna á siðfræði.

Að lokum viljum við koma á framfæri að við teljum að trúarbragðafræði hafi ekki komist almennilega á dagskrá í framhaldsskólum á Íslandi þrátt fyrir fjölmenningarumræður og skerum við okkur þar úr í samanburði við nágrannalöndin.

Virðingarfyllst,  
fyrir hönd stjórnar FÉKKST

A handwritten signature in black ink that reads "Birgitta Thorsteinson". The signature is written in a cursive style with a horizontal line underneath the name.  
Birgitta Thorsteinson, formaður.